

Mál nr. 134/2015
M og
vátryggingafélagið V1 v. bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V2 v. bifreiðarinnar B.

Árekstur bifreiða á Reykjanesbraut við Fitjar þ. 16.2.2015

Gögn.

1. Málskot dagsett þ. 2.4.2015 ásamt fylgiskjöllum 1-6
2. Bréf V-1 dags. 27.4.2015
3. Bréf V-2 dags. 27.4.2015.

Málsatvik.

Árekstur varð á Reykjanesbraut við Fitjar. A var ekið inn á Reykjanesbraut frá Fitjum og beygt til austurs, en B var ekið austur Reykjanesbraut. Árekstur varð með ökutækjunum skömmu eftir að A ók inn á Reykjanesbraut í veg fyrir B. Ökumaður A segir að hann hafi verið búinn að aka 50-70 metra frá gatnamótunum þegar árekstur varð. Ökumaður B segir að A hafi skyndilega verið ekið í veg fyrir B. Engar nýjar upplýsingar koma fram í bréfum þeirra vátryggingafélaga sem eiga í hlut.

Álit.

Ökumaður A virti ekki stöðvunarskyldu og ók í veg fyrir B. Ekki telst nægilega sannað að áreksturinn hafi orðið það langt frá gatnamótum að máli skipti við sakarskiptingu eða að ökumaður bifreiðar B hafi sýnt gáleysi við aksturinn. Ökumaður A ber því alla sök.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök.

Reykjavík 12.5.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.